

# Líftryggingafélag Íslands hf.

---

Ársreikningur

---

**2009**

---

Líftryggingafélag Íslands hf.  
Ármúla 3  
108 Reykjavík  
kt. 570990-1449

# Líftryggingafélag Íslands hf.

---

Ársreikningur

---

2009

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðs endurskoðanda	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit yfir eigið fé	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-25

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Líftryggingafélagi Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Líftryggingafélags Íslands hf. fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Kópavogur, 15. mars 2010

Deloitte hf.



Hilmar A. Alfreðsson

endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Hagnaður félagsins á árinu 2009 nam 399 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 3.972 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok 1.798 milljónum króna.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 2 eins og í upphafi árs. Einn hluthafi á meira en 10% hlutafjárins en það er Exista hf. sem á 99,99% hlutafjár.

Áhættustýring félagsins miðar að því að tryggja öryggi eigna félagsins. Félagið hefur samþykkt fjárfestingastefnu og er markmið hennar að tryggja góða ávöxtun og öryggi eigna. Fjárfestingastefna félagsins er samþykkt af stjórn og endurskoðuð reglulega.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 150 milljónir í arð til hluthafa á árinu 2010, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Að álitni stjórnar og framkvæmdastjóra Líftryggingafélags Íslands hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Líftryggingafélags Íslands hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2010

## Í stjórn



Lyður Guðmundsson  
stjórnarformaður



Sigurður Valtýsson



Ásgeir Thoroddsen



Erlendur Hjaltason



Sveinn Þór Stefánsson



Hildur Árnadóttir

## Forstjóri



Guðmundur Örn Gunnarsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Tekjur af líftryggingarekstri:</b>			
Iðgjöld ársins .....		743.884	661.566
Hluti endurtryggjenda .....		(193.680)	(165.386)
<b>Eigin iðgjöld .....</b>	<b>6</b>	<b>550.204</b>	<b>496.181</b>
Fjárfestingartekjur af líftryggingarekstri .....		43.370	48.880
<b>Tekjur af líftryggingarekstri samtals .....</b>		<b>593.574</b>	<b>545.061</b>
<b>Gjöld af líftryggingarekstri:</b>			
Tjón ársins .....		(291.731)	(212.392)
Hluti endurtryggjenda .....		114.416	75.680
<b>Eigin tjón .....</b>	<b>7</b>	<b>(177.315)</b>	<b>(136.712)</b>
Rekstrarkostnaður líftrygginga .....		(148.690)	(144.769)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum .....		18.176	15.547
<b>Gjöld af líftryggingarekstri samtals .....</b>		<b>(307.828)</b>	<b>(265.934)</b>
<b>Hagnaður af líftryggingarekstri .....</b>		<b>285.745</b>	<b>279.127</b>
<b>Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:</b>			
Fjármunatekjur .....	9	319.628	420.044
Tekjur vegna matsbreytinga á fjárfestingum .....		1.228	(2.023)
Rekstrarkostnaður fjármálareksturs .....		(62.374)	(34.550)
Niðurfærðar fjáreignir .....		(37.572)	(175.863)
Fjármagnsgjöld .....		(1.794)	(2.141)
<b>Tekjur og gjöld af fjármálarekstri .....</b>		<b>219.117</b>	<b>205.468</b>
<b>Fjárfestingartekjur yfirfærðar á líftryggingarekstur .....</b>		<b>(43.370)</b>	<b>(48.880)</b>
<b>Hagnaður af fjármálarekstri .....</b>		<b>175.748</b>	<b>156.588</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>		<b>461.493</b>	<b>435.714</b>
Tekjuskattur .....	10	(62.566)	(39.622)
<b>Heildarafkoma ársins</b>		<b>398.927</b>	<b>396.093</b>
<b>Hagnaður á hlut:</b>			
Hagnaður á hlut .....	11	2,90	3,96

# Efnahagsreikningur 31. desember 2009

	Skýr.	31.12.2009	31.12.2008
<b>Eignir</b>			
Fjárfestingar .....	13	1.861.646	1.655.837
Reiknuð skattinneign .....	10	38.320	26.379
Fjárfestingar vegna líftrygginga með fjárfestingaráhættu			
líftryggingataka .....		1.267.438	1.327.213
Viðskiptakröfur .....		45.350	25.334
Endurtryggingaeignir .....	14	125.335	113.811
Handbært fé .....		634.357	807.120
<b>Eignir</b>		<u>3.972.445</u>	<u>3.955.694</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	15	150.000	100.000
Lögbundinn varasjóður .....		139.700	139.700
Óráðstafað eigið fé .....		1.508.298	1.609.370
<b>Eigið fé</b>		<u>1.797.997</u>	<u>1.849.070</u>
<b>Skuldir</b>			
Líftryggingaskuld .....	17	667.346	597.696
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....		1.267.438	1.327.213
Lífeyrisskuldbinding .....		18.018	17.634
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir .....	18	221.646	164.081
<b>Skuldir</b>		<u>2.174.448</u>	<u>2.106.624</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>3.972.445</u>	<u>3.955.694</u>

## Yfirlit um eigið fé 1. janúar 2009 - 31. desember 2009

	Hlutfé	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2008 .....	100.000	139.700	1.213.278	1.452.977
Heildarafkoma ársins .....			396.093	396.093
Eigið fé 1.1.2009 .....	100.000	139.700	1.609.370	1.849.070
Nýtt hlutfé .....	50.000			50.000
Greiddur arður .....			(500.000)	(500.000)
Heildarafkoma ársins .....			398.927	398.927
Eigið fé 31.12.2009 .....	150.000	139.700	1.508.298	1.797.997

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

	Skýr.	2009	2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður .....		398.927	396.093
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....		(259.079)	(240.018)
Hækkun (lækkun) á skuldbindingum .....		(9.267)	(47.321)
Eigin líftryggingaskuld hækkun (lækkun) .....		58.124	31.380
		<hr/>	<hr/>
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		188.705	140.135
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(20.016)	(1.563)
Rekstrartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		57.568	(50.196)
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		226.257	88.376
Innborgaðir vextir og arður .....		306.411	388.121
Greiddir vextir .....		(1.794)	(2.141)
		<hr/>	<hr/>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>530.874</b>	<b>474.355</b>
		<hr/>	<hr/>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keypt/seld fjárfestingaverðbréf .....		(34.779)	100.638
Keypt/seldi önnur verðbréf .....		(216.569)	131.339
		<hr/>	<hr/>
		(251.347)	231.977
		<hr/>	<hr/>
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		(500.000)	0
Innborgað hlutafé .....		50.000	0
Lífeyrisskuldbinding, greidd .....		(2.290)	(2.084)
		<hr/>	<hr/>
		(452.290)	(2.084)
		<hr/>	<hr/>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....		(172.763)	704.248
Handbært fé í upphafi árs .....		807.120	102.872
		<hr/>	<hr/>
Handbært fé í lok árs .....		634.357	807.120
		<hr/>	<hr/>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Veltufé frá rekstri .....		493.323	526.114
		<hr/>	<hr/>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Líftryggingafélag Íslands hf., hér eftir nefnt félagið, er hlutfélag og starfar á grundvelli laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi og laga nr. 2/1995 um hlutfélög.

Líftryggingafélag Íslands hf. starfar á sviði líftrygginga og fjármála.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum stöðlum

### 2.1 Nýir reikningskilastaðlar og tülkanir

Eftirfarandi nýir og endurbættir staðlar (IFRS/IAS) og tülkanir (IFRIC) tóku gildi á reikningsárinu:

IFRS 2 (endurbættur) - *Eignarhlutatengd greiðsla*  
IFRS 7 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Skýringar*  
IFRS 8 - *Starfsþáttir*  
IAS 1 (endurbættur) - *Framsetning reikningskila*  
IAS 23 (endurbættur) - *Fjármagnskostnaður*  
IAS 32 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Framsetning*  
IFRIC 13 - *Trygðarkerfi viðskiptavina*  
IFRIC 15 - *Samningar um byggingu fasteigna*  
IFRIC 16 - *Ahættuörm vegna breinmar fjárfestingar í erlendri starfsemi*

Innleiðing á ofangreindum stöðlum og tülkunum hefur ekki leitt til breytinga á reikningsskilum félagsins.

### 2.1 Samþykktir reikningskilastaðlar og tülkanir sem ekki hafa tekið gildi

Við samþykkt þessa ársreiknings hafa eftirfarandi nýir eða endurbættir staðlar og tülkanir verið samþykktir, en ekki tekið gildi:

IFRS 1 (endurbættur) - *Uptaka alþjóðlegra reikningsskilastaðla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IFRS 2 (endurbættur) - *Eignarhlutatengd greiðsla* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2010 eða síðar),  
IFRS 3 (endurbættur) - *Sameining félaga* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IFRS 9 - *Fjármálagerningar* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar),  
IAS 24 - *Upplýsingar um tengda aðila* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. janúar 2011 eða síðar),  
IAS 27 (endurbættur) - *Samstæðureikningskil og aðgreind reikningskil* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IAS 32 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Framsetning* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. febrúar 2010 eða síðar),  
IAS 39 (endurbættur) - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IFRIC 14 (endurbætt) - *Takmörkun á réttindatengdum eignum, kvæðir um lágmarksfjármögnun og samþil þeirra* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IFRIC 17 - *Úthlutun eigna til hluthafa, í öðru en reidufé* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IFRIC 18 - *Yfirfærsla eigna frá viðskiptavinum* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2009 eða síðar),  
IFRIC 19 - *Greiðsla skulda með eiginfjárgæmingum* (tekur gildi fyrir reikningsskilatímabil sem hefjast 1. júlí 2010 eða síðar),

Stjórnendur gera ráð fyrir að almennt muni innleiðing ofangreindra staðla og tülkana ekki hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins á því tímabili sem innleiðing þeirra á sér stað.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### 3.1 Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur Líftryggingafélags Íslands hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS - International Financial Reporting Standards) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu.

### 3.2 Grundvöllur reikningskila

# Skýringar

Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnir fastafjármunir og fjármálagerningar eru færðir á gangvirði. Kostnaðarverð byggir almennt á gangvirði þess sem er greitt fyrir undirliggjandi eignir. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

## 3.3 Tekjur

### *Iðgjöld*

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári en að frádrögnum iðgjöldum til næsta árs sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar váttryggingaáhættu sem ekki er útrunnin.

### *Arður og vaxtatekjur*

Arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að samstæðan muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru færðar eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti. Virkir vextir eru sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjáreignarinnar þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar.

## 3.4 Gjöld af váttryggingastarfsemi

Gjaldfærð tjon í rekstrarreikningi eru tjon sem urðu á árinu ásamt endurmati tjóna vegna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppperðra tjóna auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

## 3.5 Váttryggingasamningar

Félagið gefur út samninga sem flytja bæði váttryggingalega og fjármálalega áhættu frá viðskiptavinum til þess.

### *Váttryggingasamningar- skilgreining*

Með váttryggingasamningi tekur váttryggjandinn að sér verulega váttryggingaáhættu frá váttryggingataka með því að samþykkja að bæta váttryggingatakanum tjon vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Váttryggingaáhætta er öll áhætta, önnur en fjárhagsáhætta, sem flutt er frá váttryggingataka til útgefanda váttryggingasamnings.

Fjárhagsáhætta er hins vegar áhætta sem fylgir breytingum á markaðsumhverfi.

Líftryggingar taka til mannlægs lífs, til dæmis dauða eða þess að lifa út váttryggingatímamann. Iðgjöld teljast til tekna á því tímabili sem váttryggingasamningurinn gildir og bætur eru gjaldfærðar á því tímabili sem tjónið verður.

### *Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka*

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu félagsins sem váttryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding félagsins gagnvart umræddum váttryggingatökum að sömu fjárhæð.

### *Váttryggingaskuld*

Félagið metur í lok reikningsárs hvort tilfærð váttryggingaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar félagsins vegna gerðra váttryggingasamninga með því að meta framtíðar fjárflæði váttryggingaskuldar. Allar breytingar á váttryggingaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi. Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

# Skýringar

---

## *Endurtryggingasamningar*

Endurtryggingasamningar eru gerðir í þeim tilgangi að draga úr áhættu félagsins. Endurtryggingasamningar eru ýmist hlutfallslegir eða bera alla áhættu fari tjónsatburður umfram fyrirfram umsamda tjónsfjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggingum váttryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga eru hlutdeild þeirra í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem gjaldfærð er í rekstrarreikningi við endurnýjun endurtryggingasamninga.

### 3.6 Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningur félagsins er gerður í íslenskum krónum sem starfrækslugjaldmiðli félagsins.

Gengismunur er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til nema:

- Gengismunur sem tengist kostnaði vegna framkvæmda á eignum sem ætlaðar eru til framtíðarnota er heimilt að færa á viðkomandi eign að því marki sem litið er á eignfærsluna sem aðlögun að sambærilegum fjármagnskostnaði á markaði.

- Gengismunur í viðskiptum sem gerð eru í þeim tilgangi að verjast gengisáhættu.

- Gengismunur vegna krafna eða skulda við erlend félög sem líklegt er að innheimtist ekki.

### 3.7 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður sem stafar beint af kaupum, byggingu eða framleiðslu eigna sem uppfylla skilyrði um eignfærslu, er eignfærður sem hluti af eigninni fram að þeim tíma þegar eign er tilbúin til notkunar eða sölu. Eignfærsluhæf eign er eign sem tekur talsverðan tíma að koma í nothæft eða söluhæft ástand.

Fjárfestingartekjur af skammtímafjárfestingum sem tengjast fjármögnun á eignfærsluhæfri eign eru færðar til lækkunar á eignfærðum fjármagnskostnaði.

Allur annar fjármagnskostnaður er gjaldfærður á því tímabili sem hann fellur til.

### 3.8 Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

#### *Tekjuskattur til greiðslu*

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningskiladegi.

#### *Frestaður tekjuskattur*

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavildar sem ekki er skattalega frádráttarbær. Jafnframt er frestaður tekjuskattur ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum ef talið er að móðurfélagið geti haft stjórn á því hvenær tímabundni mismunurinn snýst við og ekki er talið að viðsnúningurinn muni eiga sér stað í fyrirsjáanlegri framtíð. Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningskiladegi.

# Skýringar

---

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Tekjuskattsinneign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman innan samstæðunnar þegar lagaleg heimild er til samsköttunar.

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.

## 3.9 Virðisrýrnun

Á reikningsskiladegi fer félagið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem herra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Óefnislegar eignir með óskilgreindan endingartíma og óefnislegar eignir sem ekki eru tilbúnar til notkunar eru á hverju ári prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og oftar ef vísbending er um virðisrýrnun.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisrýrnunar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisrýrnunin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisrýrnunar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun. Bakfærsla virðisrýrnunar færir í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkin færð sem endurmatshækkun. Ekki er heimilt að bakfæra virðisrýrnun viðskiptavildar.

## 3.10 Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar félaginu ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirbyggjandi á reikningsskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

### *Íþyngjandi samningar*

Íþyngjandi samningur er samningur sem samstæðan er skuldbundin að standa við og kostnaðurinn við að uppfylla hann er meiri en ávinningurinn.

### *Endurskipulagning*

Skuldbindingar vegna endurskipulagningar eru færðar þegar formleg áætlun liggur fyrir um endurskipulagningu og hún hefur verið kynnt þeim er málið varðar. Mat kostnaðar vegna endurskipulagningar tekur aðeins til beins kostnaðar við endurskipulagninguna.

# Skýringar

---

## *Ábyrgðarskuldbindingar*

Ábyrgðarskuldbindingar eru færðar þegar vara eða þjónusta er seld. Skuldbindingar eru metnar af stjórnendum á grundvelli fyrri reynslu og áætluðu fjárútsreymi sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## *Óvissar skuldir sem myndast við sameiningar félaga*

Óvissar skuldir sem myndast við sameiningu félaga eru upphaflega metnar á gangvirði á kaupdegi. Á reikningsskiladegi eru óvissar skuldir metnar við því sem hærra reynist, líklegri greiðslufjárhæð í samræmi við IAS 37 - Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir eða upphaflegu bókfærðu verði að frádrögnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við IAS 18 - Tekjur.

## 3.11 Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (Fair value through profit and loss), fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga (Held to maturity investments), fjáreignir til sölu (Available for sale), og lán og kröfur. Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar.

Fjáreignir sem ætlað er að halda til gjalddaga og fjáreignir til sölu eru færðar á gangvirði að viðbættum viðskiptakostnaði á viðskiptadegi þegar félagið hefur gert samning um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma. Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á gangvirði.

## *Virkir vextir*

Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

## *Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjáreignir eru flokkaðar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þegar tilgangurinn er að hagnast á skammtímabreytingum. Sama á við um allar aðrar fjáreignir sem samstæðan skilgreinir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Afleiður falla ávallt undir þennan flokk nema þær séu skilgreindar sem áhættuvörn.

Fjáreign er skilgreind sem fjáreign til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Eignin er keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagerninga undir stjórn samstæðunnar og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjáreign, önnur en fjáreign til sölu, má skilgreina sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjáreignin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við skráða stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Fjáreignin er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagerningar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagerningurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

# Skýringar

---

## *Fjárfestingar til gjalddaga*

Fjáreignir eru flokkaðar sem fjárfestingar til gjalddaga þegar félagið á fjárfestingar, t.d. víxla eða skuldabréf, og hefur fyrirætlanir og getu til að eiga til gjalddaga. Fjárfestingar til gjalddaga eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun þegar við á.

## *Fjáreignir til sölu*

Skráð hlutabréf og innleysanleg skuldabréf félagsins á virkum markaði eru flokkuð sem fjáreignir til sölu og skráð á gangvirði. Það sama á við um óskráð verðbréf félagsins ef hægt er að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti. Hagnaður og tap sem myndast við breytingar á gangvirði er fært sem gangvirðisbreyting fjáreigna til sölu á endurmatsreikning meðal eigin fjár. Virðisrýrnun, reiknaðir virkir vextir og gengismunur eru færð í rekstrarreikning. Þegar fjárfestingin er seld eða hefur orðið fyrir virðisrýrnun er áður færð gangvirðisbreyting færð í rekstrarreikning.

Arður af fjáreignum til sölu er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

## *Lán og kröfur*

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkuð sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

## *Virðisrýrnun fjáreigna*

Á reikningssskiladegi er bókfært verð fjáreigna, annarra en fjáreigna á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikning, þó aldrei umfram áður færða lækkun.

Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig.

Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

Áður gjaldfærð virðisrýrnun eiginfjárgerninga til sölu er ekki bakfærð í rekstrarreikning. Hækkun á gangvirði eftir að virðisrýrnun hefur verið gjaldfærð er færð á meðal eigin fjár.

## *Endurflokkun fjáreigna*

Heimilt er að endurflokka tiltekna fjáreignir úr flokknum gangvirði í gegnum rekstrarreikning yfir í flokkinn fjáreignir til sölu. Endurflokkunin er aðeins heimil í einstökum tilfellum og þegar áform um að selja fjáreignina innan skamms tíma eiga ekki lengur við. Endurflokkunin er í öllum tilvikum takmörkuð við skuldagerninga. Við endurflokkun er fjáreignin færð á gangvirði þess dags sem hún er endurflokkuð.

## *Afskráning fjáreigna*

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flost yfir á annað félag.

## **3.12 Fjárskuldir og eiginfjárgerningar**

### *Flokkað sem skuld eða eigið fé*

Skuldir og eiginfjárgerningar eru flokkaðir sem fjárskuldir eða eigið fé, eftir eðli samnings.

# Skýringar

---

## *Eiginfjárgæringar*

Eiginfjárgæringur er hvers konar samningur sem felur í sér eftirstæða hagsmuni í eignum félags eftir að allar skuldir hans hafa verið dregnar frá.

## *Samsettir fjármálagæringar*

Samsettir fjármálagæringar, gefnir út af félaginu, eru flokkaðir sem fjárskuldir og eigið fé í samræmi við efni undirliggjandi samninga. Á útgáfudegi er gangvirði skuldahluta fjármálagæringa metið út frá markaðsvöxtum fyrir sambærilega óbreytanlega fjármálagæringa og skuldin færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Eiginfjárhlutur fjármálagæringa er mismunur skuldahlutans og heildarvirðis fjármálagæringa. Eiginfjárhlutinn er færður að teknu tilliti til skatta á meðal eigin fjár. Ekki er heimilt að endurmeta samsetta fjármálagæringa.

## *Ábyrgðarskuldbindingar*

Ábyrgðarskuldbindingar vegna fjárskulda eru upphaflega færðar á gangvirði. Við síðara mat eru aðrar ábyrgðarskuldbindingar, en þær sem flokkaðar eru á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, færðar við því sem hærra reynist:

- fjárhæð undirliggjandi skuldar sem metin er í samræmi við IAS 37 - *Skuldbindingar, óvissar skuldir og óvissar eignir*,
- fjárhæð upphaflegs samnings að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum í samræmi við reglur um skráningu tekna.

## *Fjárskuldir*

Fjárskuldir eru flokkaðar annars vegar sem fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning og hinsvegar sem aðrar fjárskuldir.

## *Fjárskuldir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Fjárskuldir eru færðar á gangvirði í rekstrarreikning þegar þær eru flokkaðar sem fjárskuld til sölu eða sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Fjárskuld er skilgreind sem fjárskuld til sölu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Eignin hefur verið keypt í þeim tilgangi að selja aftur í náinni framtíð.
- Eignin er upphaflega færð sem hluti af eignasafni fjármálagæringa og er líkleg til að skila skammtímahagnaði.
- Eignin er afleiða sem er hvorki skilgreind né virk sem áhættuvörn.

Fjárskuld, önnur en fjárskuld til sölu, má skilgreina sem fjárskuld á gangvirði í gegnum rekstrarreikning við upphaflega skráningu ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

- Flokkunin kemur í veg fyrir eða minnkar ósamræmi í mati eða skráningu.
- Fjárskuldin er hluti af safni fjáreigna eða fjárskulda eða hvoru tveggja og er metin á gangvirði í samræmi við stefnu samstæðunnar í áhættustýringu eða fjárfestingastefnu.
- Er hluti af samningi sem felur í sér eina eða fleiri samsetta afleiðu og IAS 39 - *Fjármálagæringar: Skráning og mat* heimilar að allur samsetti fjármálagæringurinn (eign eða skuld) sé færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

## *Aðrar fjárskuldir*

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

## *Afskráning fjárskulda*

Félagið afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

# Skýringar

## 4. Reikningshaldslegt mat

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Reglulega er farið yfir mat og forsendur. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á reikningsskil félagsins:

- fjáreignir og niðurfærslur vegna fjáreigna
- líftryggingaskuld

## 5. Starfsþáttagreining

Félaginu er skipt í tvo rekstrarstarfsþætti: Líftryggingar og fjármálarekstur.

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2009 var eftirfarandi:

	Líftryggingar	Fjármála- rekstur	Samtals
Eigin iðgjöld .....	550.204		550.204
Fjárfestingartekjur .....	43.370	275.692	319.062
Heildartekjur .....	593.574	275.692	869.266
Tjón ársins .....	(177.315)		(177.315)
Rekstrarkostnaður .....	(130.514)	(62.372)	(192.886)
Niðurfærsla fjáreigna .....		(37.572)	(37.572)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	285.745	175.748	461.493
Tekjuskattur .....			(62.566)
Hagnaður ársins .....			398.927

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2009 voru eftirfarandi:

	Líftryggingar	Fjármála- rekstur	Samtals
<b>Eignir</b>			
Útlán og aðrar fjárfestingar .....	1.557.986	673.017	2.231.003
Fjárfestingar líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....	1.267.438		1.267.438
Endurtryggingareignir .....	125.335		125.335
Aðrar eignir .....	283.203	65.466	348.669
Eignir starfsþáttar .....	3.233.962	738.483	3.972.445
<b>Skuldir</b>			
Vátryggingaskuld .....	667.346		667.346
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....	1.267.438		1.267.438
Aðrar skuldir .....	239.664		239.664
Skuldir starfsþáttar .....	2.174.448	0	2.174.448

## Skýringar

Afkoma starfsþáttanna fyrir árið 2008 var eftirfarandi:

	Líftryggingar	Fjármála- rekstur	Samtals
Eigin iðgjöld .....	496.181		496.181
Fjárfestingartekjur .....	48.880	367.001	415.881
Heildartekjur .....	545.061	367.001	912.062
Tjón ársins .....	(136.712)		(136.712)
Rekstrarkostnaður .....	(129.222)	(34.550)	(163.772)
Niðurfærsla fjáreigna .....		(175.863)	(175.863)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	279.127	156.588	435.715
Tekjuskattur .....			(39.622)
Hagnaður ársins .....			396.093

Eignir og skuldir starfsþáttanna 31. desember 2008 voru eftirfarandi:

	Líftryggingar	Fjármála- rekstur	Samtals
<b>Eignir</b>			
Útlán og aðrar fjárfestingar .....	1.332.521	1.008.724	2.341.245
Fjárfestingar líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....	1.327.213		1.327.213
Endurtryggingareignir .....	113.811		113.811
Aðrar eignir .....	127.686	45.739	173.425
Eignir starfsþáttar .....	2.901.231	1.054.463	3.955.694
<b>Skuldir</b>			
Vátryggingaskuld .....	597.696		597.696
Líftryggingaskuld m. fjárfestingaráhættu líftryggingataka .....	1.327.213		1.327.213
Aðrar skuldir .....	181.715		181.715
Skuldir starfsþáttar .....	2.106.624	0	2.106.624

Líftryggingarekstur félagsins greinist þannig 2009:

	Líftryggingar	Heilsutryggingar	Samtals
Eigin iðgjöld .....	347.945	202.259	550.204
Fjárfestingartekjur .....	18.780	24.590	43.370
Heildartekjur .....	366.725	226.849	593.574
Tjón ársins .....	(97.055)	(80.260)	(177.315)
Rekstrarkostnaður .....	(86.600)	(43.914)	(130.514)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	183.070	102.675	285.745

# Skýringar

Líftryggingarekstur félagsins greinist þannig 2008:

	Líftryggingar	Heilsutryggingar	Samtals
Eigin iðgjöld .....	311.363	184.818	496.181
Fjárfestingartekjur .....	20.568	28.312	48.880
Heildartekjur .....	331.931	213.130	545.061
Tjón ársins .....	(68.896)	(67.816)	(136.712)
Rekstrarkostnaður .....	(84.970)	(44.252)	(129.222)
Rekstrarafkoma starfsþáttar .....	178.065	101.062	279.127

## 6. Eigin iðgjöld

	2009	2008
Bókfærð iðgjöld .....	776.789	685.225
Hluti endurtryggjenda .....	(198.679)	(172.720)
Breyting á iðgjaldaskuld .....	(32.905)	(23.659)
Breyting á hluta endurtryggjenda .....	4.999	7.334
	550.204	496.181

## 7. Eigin líftryggingabætur

	2009	2008
Bókfærðar líftryggingabætur .....	(254.986)	(207.283)
Hluti endurtryggjenda .....	107.889	85.627
Breyting á bótaskuld .....	(36.745)	(5.109)
Breyting á hluta endurtryggjenda .....	6.527	(9.947)
	(177.315)	(136.712)

## 8. Launamál

	2009	2008
Laun .....	7.648	15.932
Launatengd gjöld .....	1.213	2.266
	8.861	18.198

Meðalfjöldi starfa ..... 1 1,5

Laun og hlunnindi forstjóra og stjórnar

	2009	2008
Guðmundur Örn Gunnarsson .....	4.800	4.800
Stjórnarlaun .....	2.100	1.540

# Skýringar

## 9. Fjármunatekjur

	2009	2008
Tekjur af eignahlutum í félögum .....	593	3.199
Vaxtatekjur .....	318.862	355.165
Gengismunur .....	174	61.680
	<u>319.628</u>	<u>420.044</u>

## 10. Tekjuskattur

### 10.1 Reiknaður tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 62.6 milljónum króna. Engin tekjuskattur er til greiðslu á árinu vegna samsköttunar við Exista hf.

Þann 21. desember 2009 var samþykkt breyting á lögum um tekjuskatt sem fól í sér hækkun á tekjuskattshlutfalli úr 15% í 18%. Þessi lagabreyting öðlast gildi frá og með 1. janúar 2010. Áhrif hækkaðs skattshlutfalls á tekjuskattsinnæign í lok árs nemur 6.4 milljónum króna og er hækkunin tekjufærð í rekstrarreikning.

	2009	2008
Tekjuskattur til móðurfélags vegna samsköttunar.....	(74.506)	(91.560)
Breyting á frestaðum tekjuskatti.....	11.941	51.938
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning.....	<u>(62.566)</u>	<u>(39.622)</u>

### Útleiðsla á virku skattshlutfalli:

	2009		2008	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta .....	461.493		435.714	
Skattshlutfall .....	69.224	15,0%	65.357	15,0%
Breyting á tekjuskattshlutfalli .....	(6.387)	-1,4%	(4.260)	-1,0%
Bakfærð tekjuskattsskuldbinding af eignarhlutum .....	0	0,0%	(21.299)	-4,9%
Gangvirkisbreyting fjáreigna .....	(183)	0,0%	303	0,1%
Fenginn arður .....	<u>(89)</u>	<u>0,0%</u>	<u>(480)</u>	<u>-0,1%</u>
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>62.566</u>	<u>13,6%</u>	<u>39.622</u>	<u>9,1%</u>

### 10.2 Frestaður skattur

Reiknuð tekjuskattsinnæign(-skuldbinding) greinist þannig:	Frestaður skattur	
1. janúar 2008.....		(25.559)
Reiknaður tekjuskattur ársins.....		(39.622)
Samsköttun við móðurfélag.....		91.560
1. janúar 2009.....		26.379
Reiknaður tekjuskattur ársins.....		(62.566)
Samsköttun við móðurfélag.....		74.506
31. desember 2009.....		<u>38.320</u>
Helstu tekjuskattsinnæignir(-skuldbindingar) samstæðunnar greinast þannig:	31.12.2009	31.12.2008
Óbein niðurfærsla fjáreigna.....	38.320	26.379
	<u>38.320</u>	<u>26.379</u>

# Skýringar

## 11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hvern hlut útistandandi hlutafjár er reiknaður miðað við efiúrfarandi forsendur:

	2009	2008
Hagnaður ársins .....	398.927	396.093
Vegið meðaltal útistandandi hluta .....	137.397	100.000
Hagnaður á útistandandi hlut .....	2,90	3,96

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og hagnaður á hlut þar sem ekki hafa verið gerðir neinir kaupréttasamningar við starfsmenn né gefin út breytanleg skuldabréf.

## 12. Arður

Árið 2009 nam arðgreiðslan kr. 500 milljónum. Á árinu 2008 var engin arðgreiðsla.

## 13. Fjárfestingaverðbréf

	31.12.2009	31.12.2008
<b>Fjáreignir á gangvirdi í gegnum rekstur</b>		
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	80.234	53.801
Markaðsverðbréf .....	1.781.412	1.602.035
Fjáreignir samtals	1.861.646	1.655.837

### Fjáreignir á gangvirdi í gegnum rekstur

	31.12.2009	31.12.2008
Eignarhlutar í öðrum félögum:		
Skráð í Kauphöll Íslands .....	0	665
Skráð í erlendum kauphöllum .....	22.928	21.702
Önnur félög .....	57.306	31.434
	80.234	53.801
Markaðsverðbréf:		
Skráð ríkistryggt verðbréf .....	1.584.940	1.386.243
Önnur skráð verðbréf .....	102.353	112.170
Önnur óskráð verðbréf .....	94.119	103.623
	1.781.412	1.602.035

### Breytingar á afskriftareikningi skuldabréfa og annara langtímakrafna

	31.12.2009	31.12.2008
Staða í upphafi árs.....	175.863	0
Niðurfærsla skuldabréfa og annarra langtímakrafna.....	59.438	175.863
Gjaldþrot og óinnheimtanlegt.....	(22.412)	0
Staða í lok árs.....	212.888	175.863

## 14. Endurtryggingaeignir

	31.12.2009	31.12.2008
Hlutur endurtryggjenda í iðgjaldaskuld .....	68.381	63.385
Hlutur endurtryggjenda í tjónaskuld .....	56.954	50.426
	125.335	113.811

# Skýringar

## 15. Hlutfé

Hlutfé félagsins skiptist í 2 flokka, A-flokk og B-flokk.

	Hlutir	Hlutfall
Hlutfé í A flokki .....	100.000	66,67%
Hlutfé í B flokki .....	50.000	33,33%
Hlutfé samkvæmt samþykktum félagsins .....	150.000	100,00%

Breytingar á hlutfé greinast þannig:	Hlutfé	Útgefnir hlutir
1. janúar 2008.....	100.000	100.000
1. janúar 2009.....	100.000	100.000
Innborgað hlutfé - B flokkur.....	50.000	50.000
31. desember 2009.....	150.000	150.000

Hluthafar í B flokki fara ávallt með 75% atkvæða í félaginu á hluthafafundum í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína í flokknum. Báðir flokkar veita sama rétt til arðs og annarra réttinda.

## 16. Gjaldþol

Útreikningur, samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi, á lágmarksgjaldþoli félagsins í árslok 2009 gaf 403 millj. kr. og reiknað gjaldþol 1.648 millj. kr. Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé kemur þannig fram:

	31.12.2009	31.12.2008
Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi .....	1.797.997	1.849.070
Arður til greiðslu .....	(150.000)	(500.000)
Reiknað gjaldþol .....	1.647.997	1.349.070
Gjaldþolshlutfall.....	4,1	3,4

## 17. Líftryggingaskuld

	31.12.2009	31.12.2008
<b>Líftryggingaskuld greinist þannig:</b>		
Iðgjaldaskuld .....	294.641	261.736
Bótaskuld .....	372.705	335.960
Líftryggingaskuld samtals.....	667.346	597.696

## 18. Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

	31.12.2009	31.12.2008
Skuldir við tengd félög .....	166.066	94.108
Skuldir við endurtryggingastarfsemi .....	20.866	14.000
Ógreiddir reikningar .....	27.286	49.558
Fyrirframreiknuð umboðslaun .....	7.428	6.415
	221.646	164.081

# Skýringar

## 19. Fjármálagerningar

### 19.1 Flokkar fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar skiptast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

Fjáreignir	31.12.2009	31.12.2008
Handbært fé .....	634.357	807.120
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning .....	1.861.646	1.655.837
Lán og kröfur .....	45.350	25.334
<b>Fjárskuldir</b>	<b>31.12.2009</b>	<b>31.12.2008</b>
Aðrar fjárskuldir .....	221.646	164.081

### 19.2 Áhættustýring

Innan félagsins er virk áhættustýring sem hefur það hlutverk að stjórna þeirri rekstartengdu áhættu sem félagið býr við. Þessir þættir eru vaxtaáhætta, gengisáhætta, verðáhætta hlutabréfa, útlánaáhætta, lausafjáraáhætta og váttryggingaáhætta.

### 19.3 Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum.

Vaxtabreytingar hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldum sem bera breytilega vexti. Mjög lítil vaxtaáhætta er til staðar hjá félaginu þar sem meirihluti af vaxtaberandi eignum félagsins bera fasta vexti og engar lántökur eru í bókom félagsins. Þær vaxtaberandi eignir sem bera fasta vexti eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði.

### 19.4 Gengisáhætta

Gengisáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðar sjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á gengi gjaldmiðla. Gengisáhætta myndast þegar mismunur er á stöðu eigna og skulda í erlendum gjaldmiðli.

Meiri hluti eigna og skulda félagsins er í íslenskum krónum en þó á félagið nokkuð af erlendum fjáreignum. Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar félagsins sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til miðgengis.

Mynt	Árslökagengi		Meðalgengi		Ársflökt
	2009	2008	2009	2008	2009
EUR .....	179,88	169,97	172,67	127,46	12,9%
SEK .....	17,515	15,558	16,305	13,195	17,8%
USD .....	124,90	120,87	123,59	88,07	15,4%

### Gengisáhætta 31.12.2009

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR .....	78.815	0	78.815
SEK .....	65	0	65
USD .....	26.350	0	26.350

# Skýringar

## Gengisáhætta 31.12.2008

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
EUR .....	74.018	0	74.018
USD .....	33.149	0	33.149

## Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá þær erlendu eignir og skuldir sem næmnigreiningin tekur til, en þær eru að verulegum hluta erlend verðbréf. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær sem eru hér til skoðunar séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Næmnigreiningin tekur tillit til skattaáhrifa og endurspeglar því þau áhrif sem koma í rekstrarreikning og á eigið fé. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

## Áhrif á afkomu og eigið fé

	31.12.2009		31.12.2008	
	5%	10%	5%	10%
EUR .....	3.349.630	6.699.261	3.145.773	6.291.546
SEK .....	2.749	5.498	0	0
USD .....	1.119.881	2.239.763	1.408.829	2.817.659

## 19.5 Verðáhætta markaðsverðbréfa

Félagið á talsverðar eignir í markaðsverðbréfum, annars vegar hlutabréf og hinsvegar markaðsskuldabréf og býr því við þá áhættu að breyting á gengi markaðsverðbréfa muni hafa áhrif á rekstur og efnahag félagsins. Fjárfestingar félagsins skiptast nokkuð jafnt á milli skráðra og óskráðra eigna. Fjárfestingar í markaðsverðbréfum eru skilgreindar sem á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

	31.12.2009	31.12.2008
Hlutabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning .....	89.413	59.781
Markaðsskuldabréf á gangvirði fært í rekstrarreikning .....	1.772.233	1.596.056

Áhrif af 5% og 10% hækkun á markaðsverði hlutabréfa og markaðsverði skuldabréfa á afkomu og eigið fé eru sýnd hér að neðan. Breytingarnar eru sýndar án tillits til tekjuskatts. Áhrif af 5% og 10% lækkun á markaðsvirði hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt. Breyting á afkomu og eigið fé er ekki sú sama þar sem matsbreyting hlutabréfa sem haldið er til sölu er færð beint á gangvirðisreikning meðal eigin fjár.

	31.12.2009		31.12.2008	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	4.471	8.941	2.989	5.978
Markaðsskuldabréf - áhrif á afkomu .....	88.612	177.223	79.803	159.606

## 19.6 Útlánaáhætta

Í útlánaáhættu felst áhættan á því að mótaðilar félagsins geti ekki staðið við skuldbindingar sínar, sem leiðir til þess að félagið tapar á fjármálagerningum sínum. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu.

# Skýringar

## Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Bókfærð staða	
	31.12.2009	31.12.2008
Markaðsverðbréf .....	1.772.233	1.596.057
Viðskiptakröfur .....	45.350	25.334
Endurtryggingaæignir .....	125.335	113.811
Handbært fé .....	634.357	807.120
	<u>2.577.275</u>	<u>2.542.322</u>

Hámarksútlánaáhætta félagsins er sú bókfærða staða sem sundurliðuð er hér að ofan.

## 19.7 Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta er áhætta á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í framtíðinni.

Lausafjárstaða félagsins er mjög sterk. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur hafa. Sérstök áhersla er lögð á að til sé laust fé til að mæta þeim hlut líftryggingarskuldur sem væntanlegur er til greiðslu hverju sinni sem og öðrum skuldum. Laust fé félagsins dugar mjög vel til þess að standa straum af væntu fjárústreymi. Félagið heyrir undir eftirlit opinberra aðila á Íslandi. Lögum samkvæmt ber því að skila inn til eftirlitsaðilanna ýmsum sundurliðunum t.d. er varða lausafjárstöðu.

Vænt sjóðstreymi líftryggingaskuldur greinist þannig:

	Innan eins árs	2011	2012+	Samtals
<b>31.12.2009</b>				
Bótaskuld .....	251.505	71.908	49.292	372.705
	Innan eins árs	2010	2011+	Samtals
<b>31.12.2008</b>				
Bótaskuld .....	226.709	64.819	44.432	335.960

## 19.8 Vátryggingaráhætta

Vátryggingaráhætta er sú áhætta sem felst í því að iðgjöld sem innheimt eru hjá vátryggingatökum dugi ekki til að mæta þeim skuldbindingum sem leiða af gerðum vátryggingasamningum.

Helstu þættir vátryggingaráhættu eru tjónatíðniáhætta, tjónsfjárhæðaáhætta, endurtryggjendaáhætta og vátryggingaskuldaráhætta. Hér á eftir verður gerð nánar grein fyrir þessum áhættuþáttum og birtar ýmsar kennistærðir til skýringar.

## 19.9 Tjónatíðniáhætta

Tjónatíðniáhætta er sú áhætta að fjöldi tjóna í einhverri vátryggingagrein verði meiri en ætlað var og gert er ráð fyrir í iðgjaldagrundvelli viðkomandi greinar.

# Skýringar

Félagið fylgist náið með tjonatíðni í hverri grein. Leitast er við að greina hugsanlega varanlega áhættubreytingu og gera viðeigandi ráðstafanir tímanlega. Það dregur úr tjonatíðniáættu félagsins að dreifa váttryggingaáættunni milli váttryggingagreina og svæða. Lífís er með starfsemi í öllum greinum líf- og heilsutrygginga sem starfræktar eru hér á landi og er með öflugt dreifikerfi út um allt land. Eftirfarandi tafla sýnir vægi einstakra greinaflokka í iðgjöldum ársins hjá Lífís á árinu 2009.

## Greinar líf- og heilsutrygginga - bókfærð iðgjöld

Áhættulíftryggingar .....	56,8%
Heilsu- og sjúkdómatryggingar .....	43,2%
	<hr/>
	100,0%

### 19.10 Tjónsfjárhæðaáhætta

Tjónsfjárhæðaáhætta er sú áhætta að tjónsfjárhæðir verði að meðaltali hærri en ætlað var eða hæstu tjónsfjárhæðir hærri eða stórtjón verði fleiri en ætlað var.

Flest tjón eru af svipaðri stærð en tíðni tjóna minnkar eftir því sem tjónsfjárhæðin vex. Fá skirteini eru með háar váttryggingafjárhæðir. Til að draga úr tjónsfjárhæðaáhættu endurtryggir félagið sig. Að teknu tilliti til fjárhagslegrar stöðu sinnar útbýr félagið endurtryggingastefnu þar sem kveðið er á um hve mikla áhættu það er tilbúið til að taka í eigin hlut og með hvaða hætti það endurtryggir sig. Með endurtryggingum er dregið mjög úr tjónsfjárhæðaáhættu, en við það myndast önnur áhætta, endurtryggingendaáhætta.

### 19.11 Endurtryggingendaáhætta

Endurtryggingendaáhætta er sú áhætta að endurtryggjendur greiði ekki sinn hlut í tjónsatburðum. Í endurtryggingastefnu félagsins er kveðið á um að endurtryggjendur félagsins skulu hafa öryggismat frá alþjóðlegu matsfyrirtæki og sett eru mörk á hve mikla áhættu félagið endurtryggir hjá einum endurtrygginganda. Endurtryggjendur Lífís hafa öryggismatið AA-

### 19.12 Váttryggingaskuldaráhætta

Váttryggingaskuldaráhætta er sú áhætta að óuppgerð tjón eða önnur framtíðaráhætta sem tengist váttryggingastofninum sé vanmetin.

Váttryggingaskuldin skiptist í iðgjaldaskuld og tjónaskuld. Iðgjaldaskuldin er áætluð framtíðar skuldbinding vegna gildandi váttryggingasamninga. Tjónaskuld er áætluð skuldbinding vegna orðinna óuppgerðra tjóna bæði þeirra sem hafa verið tilkynnt féluginu og einnig vegna þeirra tjóna sem hafa gerst en hafa ekki enn verið tilkynnt til félagsins. Styrkur váttryggingaskuldar, líkleg fjárhæð skuldbindinga og öryggi, er metinn eftir tölfræðilegum aðferðum.

### 19.13 Samsett hlutfall

Samsett hlutfall gefur til kynna samanlagðan tjónakostnað, rekstrarkostnað og endurtryggingakostnað sem hlutfall af iðgjöldum ársins eftir að sparnaðarþáttur líftrygginga hefur verið fjarlægður. Rekstrarhlutfall er hlutfall sömu kostnaðarliða sem hlutfall að iðgjöldum ársins að viðbættum fjárfestingatekjum af váttryggingarekstri. Eftirfarandi tafla sýnir samsett hlutfall og aðrar helstu lykiltölur váttryggingarekstrar síðastliðin fimm ár.

	2009	2008	2007	2006	2005
Tjónahlutfall .....	39,2%	32,1%	13,7%	38,2%	55,7%
Rekstrarkostnaðarhlutfall .....	20,0%	21,9%	18,4%	28,1%	32,2%
Endurtryggingakostnaðarhl. ....	8,2%	11,2%	6,7%	9,6%	2,5%
<b>Samsett hlutfall .....</b>	<b>67,4%</b>	<b>65,2%</b>	<b>38,8%</b>	<b>76,2%</b>	<b>90,4%</b>
Fjárfestingatekna hlutfall .....	5,8%	7,4%	6,5%	14,2%	9,6%
<b>Rekstrarhlutfall .....</b>	<b>63,7%</b>	<b>60,7%</b>	<b>36,5%</b>	<b>66,7%</b>	<b>82,5%</b>

# Skýringar

## 20. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2009:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Exista hf. og tengd félög .....	122.043	0	3.048	0
	122.043	0	3.048	0
Kröfur/skuldir við tengd félög 31.12.2009:			Kröfur	Skuldir
Exista hf. og tengd félög .....			35.868	166.066
			35.868	166.066
Viðskipti við tengd félög árið 2008:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Iðgjöld	Tjón
Exista hf. og tengd félög .....	94.666	0	2.674	0
	94.666	0	2.674	0
Kröfur/skuldir við tengd félög 31.12.2008:			Kröfur	Skuldir
Exista hf. og tengd félög .....			0	103.771
			0	103.771

## 21. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringa eða breytinga á ársreikningi.

## 22. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur og leyfður til birtingar á stjórnarfundum þann 15. mars 2010.